



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

### 2. FUNDUR Á MIÐÖNN 2022-23, MIÐVIKUDAGINN 7. DESEMBER KL. 11:15

#### 1. Bréf til skólaráðs

##### A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Umsóknir um leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir.

#### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Niðurstaða aukafundar skólaráðs 30.11. rædd og andmæli stjórnar NFFG.

Framundan er jólavika og þá eru ýmsir viðburðir á dagskrá eins og jólabingó, skreytingar, jólakakó o.fl. Fljótlega hefst undirbíningur fyrir árshátíð sem haldin verður 16. mars, enþá er óvíst með sal fyrir ballið.

Skólablað kom út í síðustu viku og hafa borist nokkrar kvartanir um innihald blaðsins. Í framhaldinu mun verða rætt við ritstjórn blaðsins. Skólameistari leggur til að stofnuð verði útgáfunefnd sem skipuð verði fulltrúa leikfélagsins, fulltrúa hinsegin félagsins og tveimur fulltrúm skipuðum af aðalstjórn, helst ekki af sama kyni, og svo einum fulltrúa skólans. Verkefni nefndarinnar verður að skoða það efni sem NFFG sendir frá sér t.d. auglýsingar og blöð.

#### 3. Önnur mál

Skólaþing var haldið í FG 6. des. þar sem allir nemendur sem voru í tíma í D stokki tóku þátt í hópavinnu og svöruðu ýmsum spurningum m.a. um skólann, félagslífið o.fl. Einnig var spurt út í aðgerðir í umhverfismálum og ákveðið var að setja inn verðlaun til nemenda þegar vaið náum 70% flokkunarmarkinu.

Fundinn sátu:

Aðalheiður Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara

Andri Bergmann Ísaksen forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Íris Hvanndal Skaftadóttir, umhverfisfulltrúi

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Máni Þór Guðmundsson fjármálastjóri NFFG

Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi